

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 2. september 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-94/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 26. nóvember 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst skaðabóta vegna viðgerðarkostnaðar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 5. desember 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust ekki til nefndarinnar. Með bréfi, dags. 23. ágúst 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á notaðri bifreið af gerðinni Ford Mondeo, árgerð 2012, fyrir 1.950.000 krónur þann 4. febrúar árið 2017. Við kaupin hafði bifreiðinni verið ekið 67.000 km. Í júlí árið 2018, þegar bifreiðinni hafði verið ekið um 90.000 km., bilaði hún. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið með hana í bilanagreiningu hjá Z., umboðsaðila Ford á Íslandi. Þar kom í ljós bilun í sjálfsskiptingu bifreiðarinnar og var álitsbeiðanda tjáð að skipta þurfi um girkassa og kúplingu. Þegar bifreiðin fór í bilanagreiningu hjá Brimborg fékk álitsbeiðandi einnig þær upplýsingar að Z hafði áður skipt um girkassa og kúplingu í bifreiðinni, árið 2015, er bifreiðinni hafði verið ekið um 40.000 km.

Álitsbeiðandi segir að við kaup á bifreiðinni hafi sölumaður seljanda fullyrt að bifreiðin hefði einungis hlotið eðlilegt viðhald að undanskildri viðgerð vegna minniháttar tjóns á framljósi. Í bilanagreiningu Z, dags. 23. júlí 2018, segir m.a.: „*Það fór ný skipting í þennan bíl fyrir 3 árum síðan og olía. Sé einnig í sögunni að þegar bíll fór í dekkjaskipti þá hefur verið að koma meldingar og svo er bíll seldur.*“

Álitsbeiðandi telur líklegt að ranglega hafi verið staðið að viðgerðinni árið 2015 eða að hin nýja skipting hafi verið haldin sama galla og sú eldri. Álitsbeiðandi bendir á að undir 50.000 km. ending á sjálfsskiptingu, tvisvar í sömu bifreið, sé langt frá því að vera eðlileg ending. Telur álitsbeiðandi að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin. Samkvæmt upplýsingum frá Z er áætlaður viðgerðarkostnaður með afslætti til álitsbeiðanda um 950.000 krónur. Álitsbeiðandi krefst þess að seljanda verði gert að greiða viðgerðarkostnaðinn eða að bæta honum tjónið vegna gallans með öðrum ásættanlegum hætti.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreið af gerðinni Ford Mondeo, árgerð 2012, fyrir 1.950.000 krónur þann 4. febrúar 2017. Bifreiðinni hafði við kaupin verið ekið 67.000 km. Í júlí árið 2018 bilaði sjálfsskipting bifreiðarinnar en samkvæmt bilanagreiningu þarf að skipta um bæði girrkassa og kúplingu. Eftir kaupin fékk álitsbeiðandi upplýsingar frá verkstæði Z, um að áður hafi verið skipt um girrkassa og kúplingu í bifreiðinni, en það var árið 2015. Álitsbeiðandi kveðst ekki hafa fengið þær upplýsingar fyrir kaupin. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin og krefst þess að seljanda verði gert að greiða viðgerðarkostnað vegna bilunarinnar.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (hér eftir nkpl.). Samkvæmt b-lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. skal söluhlutur hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað. Þá er ákvæði 1. mgr. 16. gr. nkpl. svohljóðandi:

16. gr. Gallar.

Söluhlutur telst vera gallaður ef:

a. hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;

d. nauðsynlegar upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, notkun, umönnun og geymslu fylgja ekki söluhlut.

Líkt og áður segir var fyrst skipt um kúplingu og girrkassa þegar bifreiðin var um þriggja ára gömul, árið 2015, og svo aftur um þremur árum síðar, árið 2018. Þá kemur fram í gögnum frá Z, vegna bilanagreiningar bifreiðarinnar, að „meldingar“ um bilanir hafi komið upp þegar bifreiðin fór í dekkjaskipti hjá verkstæðinu, áður en bifreiðin var seld til álitsbeiðanda.

Af ákvæði b-liðar 1. mgr. 16. gr. nkpl. leiðir að söluhlutur telst gallaður ef seljandi hefur vanrækt að gefa neytanda upplýsingar um atriði sem skipta verulegu máli varðandi söluhlut og seljandi hlaut að vita um. Upplýsingaskylda seljanda nær ekki aðeins til atvika sem hann þekkir heldur einnig til atvika sem ekki er afsakanlegt að seljandi viti ekki um. Ef seljandi lætur hjá líða að upplýsa um slík atvik er unnt að líta svo á að söluhlutur teljist gallaður í skilningi laganna.

Kærunefndin telur að álitsbeiðandi hafi mátt gera ráð fyrir því að honum yrðu veittar upplýsingar um fyrri viðgerðir á bifreiðinni, enda spurðist hann sérstaklega fyrir um þær viðgerðir sem bifreiðin hefði gengist undir áður en hann festi kaup á henni. Viðgerð sem felur í sér að skipt er um bæði kúplingu og girrkassa bifreiðar, sem aðeins er þriggja ára gömul, verður að teljast nokkuð umfangsmikil. Álitur kærunefndin að vanræksla seljanda á að veita upplýsingar um fyrri viðgerðir hafi haft áhrif á ákvarðanatöku álitsbeiðanda um að festa kaup á bifreiðinni. Þá telur kærunefndin að ekki geti talist eðlilegt undir venjulegum kringumstæðum að girrkassi og kúpling bifreiðar gefi sig tvisvar á tæplega sex árum með þeim afleiðingum að skipta þurfi þeim báðum út fyrir nýja varahluti.

Kærunefndin telur, með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, að seljandi hafi ekki uppfyllt upplýsingaskyldu sína með fullnægjandi hætti þar sem hann greindi álitsbeiðanda

ekki frá því að áður hafi verið skipt um kúplingu og gírkassa í bifreiðinni, svo og að villuboð hafi komið upp í skoðun fyrir söluna. Kærunefndin álitur samkvæmt framangreindu að bifreiðin hafi verið haldin galla við söluna í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr. nkpl.

Ákvæði 26. gr. nkpl. mælir fyrir um þau úrræði sem geta staðið neytanda til boða vegna galla á söluhlut, en þau eru: að halda eftir greiðslu kaupverðs, úrbætur eða ný afhending, afsláttur, riftun og skaðabætur. Álitsbeiðandi hefur krafist greiðslu viðgerðarkostnaðar sem líta verður á sem kröfu um skaðabætur samkvæmt 33. gr. nkpl. Ákvæði 52. gr. laganna mælir fyrir um umfang skaðabóta. Meginreglan er sú að tap og útgjöld, sem neytandi verður fyrir vegna galla á söluhlut, skuli bætt að fullu. Með því á neytandi að verða eins settur og ef seljandi hefði réttilega efnt samninginn.

Kærunefndin álitur í samræmi við framangreint að seljanda beri að bæta álitsbeiðanda tjón hans með því að greiða viðgerðarkostnað vegna viðgerðar á kúplingu og gírkassa bifreiðarinnar. Ber seljanda að greiða samkvæmt framlögðum reikningi vegna viðgerðarinnar, enda getur endanlegur kostnaður breyst frá áður áætluðum kostnaði. Kærunefndin telur þó að taka þurfi tillit til þess að með viðgerðinni verða nýjir varahlutir settir í bifreiðina sem felur í sér verðmætaaukningu til handa álitsbeiðanda. Verður einnig að líta til þess að um eitt og hálf ári var liðið frá kaupunum þegar bifreiðin bilaði að nýju. Þá var bifreiðin orðin sex ára og hafði verið ekin 90.000 km. Mátti álitsbeiðandi þar af leiðandi gera ráð fyrir því að bilanir færu að gera vart við sig í bifreiðinni vegna aksturs og aldurs bifreiðarinnar, sem krefðust aukins viðhalds. Vegna framangreindra atriða og þess tíma sem liðinn var frá kaupunum álitur kærunefndin að álitsbeiðandi skuli sjálfur bera hluta viðgerðarkostnaðarins, sem nefndin telur hæfilega ákveðinn helming heildarkostnaðar vegna viðgerðarinnar.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda, Y, skaðabætur vegna kostnaðar við viðgerð á kúplingu og gírkassa í bifreið hans, samkvæmt framlögðum reikningi. Skulu skaðabæturnar nema helmingi heildarkostnaðar vegna viðgerðarinnar.

Álitsbeiðandi skal sjálfur bera helming kostnaðarins.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson